




**ADALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR  
2012- 2030**

**Skipulags- og matslýsing vegna breytingar á Höfn**

**21.05.2019**



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>3</b>
<b>1.1</b>	<b>Skipulagslýsing</b>	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>3</b>
<b>2.1</b>	<b>Staðhættir</b>	<b>6</b>
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2016	8
2.1.2	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030	9
2.1.3	Deiliskipulag	9
2.1.4	Loftslagsverkefni	10
<b>2.2</b>	<b>Minjar</b>	<b>10</b>
<b>3</b>	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	<b>10</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>11</b>
<b>4.1</b>	<b>Matsskylda áætlunarinnar</b>	<b>11</b>
<b>4.2</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>11</b>
<b>4.3</b>	<b>Umhverfismat</b>	<b>12</b>
<b>4.4</b>	<b>Valkostir</b>	<b>12</b>
<b>4.5</b>	<b>Umhverfisþættir og áherslur</b>	<b>12</b>
<b>5</b>	<b>SKIPULAGS – OG MATSFERLIÐ</b>	<b>13</b>
<b>5.1</b>	<b>Skipulagsferli</b>	<b>13</b>
<b>5.2</b>	<b>Umsagnaraðilar</b>	<b>14</b>
<b>5.3</b>	<b>Samráð</b>	<b>14</b>

## SKIPULAGSLÝSING

<b>Efla</b>	<b>Dags.</b>	<b>Verknr.</b>
GLS, ÁJ	21.05.19	2525-020

## 1 INNGANGUR

Sveitarfélagið setur fram skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030, samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin tekur til stækkunar íbúðarsvæðisins ÍB9 í þéttbýlinu á Höfn. Svæðið verður stækkað um u.þ.b. 1 ha.

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin samkvæmt grein 4.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

### 1.1 Skipulagslýsing

Tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.


Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar um umfang og áherslur í umhverfismati aðalskipulagsins sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þegar það á við.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar.


## 2 FORSENDUR

### 2.1 Samfélag

Íbúafjöldi í Sveitarfélaginu Hornafirði hefur sveiflast nokkuð á síðustu árum en frá árinu 2017 hefur verið stöðug fjölgun íbúa. Þá voru íbúar í sveitarfélagin 2.187 talsins en þann 1. janúar 2019 voru þeir 2.389. Íbúar í þéttbýlinu á Höfn voru 1.633 talsins í ársbyrjun 2017 en voru 1.710 þann 1. janúar 2019.



Höfn er þjónustukjarni sveitarfélagsins og leggur sveitarstjórn áherslu á að efla uppbyggingu innan þéttbýlisins, einkum í Innbæ á svæði ÍB9. Um áramótin 2018 – 2019 voru hafnar framkvæmdir við 23 íbúðir innan þéttbýlisins. Á svæði ÍB9 eru um 365 íbúðir og þéttleikinn er 10,3 íb/ha. Með stækkun svæðisins verður fjöldi íbúða um 375 og þéttleikinn 10,3 íb/ha.



**MYND 1.** Þéttbýlisuppráttur fyrir Höfn í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030. Svæðið sem breytingin tekur til er innan rauða hringins

## 2.2 Staðhættir

Svæðið sem breytingin tekur til er norðvestast í þéttbýlinu í svokölluðum Innbæ og tekur til þriggja gatna; Silfurbrautar, Hvannabrautar og Vesturbrautar. Landið er skilgreint sem opið svæði í aðalskipulagi, en norðan Vesturbrautar er íbúðarsvæði. Svæðið er fremur slétt og algróið.



**MYND 2.** Fyrirhuguð svæði fyrir þéttingu byggðar, afmörkuð með rauðum hringjum. (Mynd: map.is).




**MYND 3.** Horft til norðurs frá Silfubraut. (Mynd: maps.google.com).



**MYND 4.** Horft til norðurs frá Vesturbraut, svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði. (Mynd: maps.google.com).

Hornafjarðarós er víðáttumikill árósi og nær samfelld votlendi sem er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður nokkurra farfugla og búsvæði margra varpfugla. Samkvæmt Vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar er Gulstararflóavist algeng vistgerð á svæðinu en hún er forgangslöndvistgerð samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni. Það sem helst ógnar henni er framræsla lands, beit, vegagerð og vatnaveitingar.

**MYND 5.** Hluti vistgerðarkortlagningar Náttúrufræðistofnunar, fyrirhuguð stækkun íbúðarsvæðis er innan rauðu hringjanna. Gulir flákar á vistgerðarkorti tákna votlendi m.a. Gulstararflóavist.



## 2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2016

Í Landsskipulagsstefnu eru settar fram eftirfarandi áherslur sem sveitarfélagið þarf að horfa til:

#### Vöxtur þéttbýlisstaða

*„Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.*

#### Hagkvæm uppbygging

*„Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa“.*

#### Gæði byggðar og bæjarrýma

*„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta“.*

#### Heilnæmt umhverfi

*„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun“.*



Skipulag með tilliti til náttúruvár og umhverfisbreytinga

*„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum“.*

### 2.3.2 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. September 2014. Í aðalskipulaginu eru svæðin, sem breytingin tekur til, skilgreind sem íbúðarsvæði og opið svæði.

Á fundi skipulagsnefndar þann 3. apríl 2019 kom fram að tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi vegna þéttingar byggðar á Höfn hafi verið send til Skipulagsstofnunar sem féllst ekki á að um óverulega breytingu væri að ræða. Því var bókað að skipulagsstjóra var falið að vinna breytinguna í samræmi við athugasemd Skipulagsstofnunar.

#### Stefnumörkun gildandi aðalskipulags

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir 1 % árlegri fjölgun íbúa á Höfn sem samsvarar fjölgun um u.þ.b. 370 manns á skipulagstímabilinu. Það þýðir að þörf verður fyrir allt að 150 nýjar íbúðir. Lögð er áhersla á að ljúka uppbyggingu á svæðum sem framkvæmdir eru hafnar á.

#### Skilmálar aðalskipulags fyrir íbúðarbyggð

- *„Ný íbúðarbyggð skal vera í samræmi við þá sem fyrir er hvað varðar tegund, stærðir, þéttleika og ásýnd.*
- *Íbúðarsvæði falli að náttúrulegu umhverfi og lagður skal metnaður í að ná samfellu byggðar og náttúru.*
- *Huga skal að bæjarbrag á Höfn“.*

Í töflu 14.1 yfir íbúðarsvæði á Höfn segir um íbúðarsvæði ÍB9:

*„Íbúðarsvæði vestan Hafnarbrautar, norðan Litlubrúar. Gróin byggð – þétting og viðbætur á forsendum byggðamynsturs. Fjöldi íbúða verði 370 – 410 og þéttleiki verði 12 íb/ha“.*

### 2.3.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

#### 2.3.4 Loftslagsverkefni

Sveitarfélagið er í samstarfi við Landvernd um loftslagsverkefni. Samþykkt hefur verið umhverfisstefna sem miðar að því að flokkun úrgangs verði með markvissari hætti, dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með áherslu á samgöngur og vistakstur starfsmanna sveitarfélagsins, göngustígar verði bættir og útivist og hreyfing verði hluti af lífsstíl íbúa.

#### 2.4 Minjar

Aðalskráningu fornminja er ekki lokið í sveitarfélaginu.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

### 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð verður breyting á uppdrætti og greinargerð.

Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður allt að 10.000 m<sup>2</sup> af opnu svæði breytt í íbúðarsvæði og íbúðum fjölgað. Íbúðasvæðið, íB9, stækkar þá sem því nemur verður allt að 36,4 ha. Fjöldi íbúða verður áfram á bilinu 370-410 og þéttleiki íbúða um 12 íb/ha. Byggðamynstur verði í samræmi við núverandi byggð sem er einbýlishús, rað- og parhús.

Götur Silfurbraut, Vesturbraut og Hvannabraut verða lengdar og stutt ný gata, botnlangi, verður gerð vestur frá Silfurbraut.

## 4 UMhverfisáhrif

Við breytingu á aðalskipulagi skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og skulu eftirfarandi meginatriði koma fram skv. gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

- a) „Lýsing og samanburður á kostum sem til greina koma um þróun byggðar, staðsetningu og útfærslu hennar og einstakra framkvæmda, m.t.t. áhrifa á umhverfið, svo sem með tilliti til sérkenna einstakra svæða og/eða verndargildis. Þetta getur t.d. átt við um tegund landnotkunar, þéttleika byggðar eða stefnu um samgöngur,
- b) hvernig tryggt er að tillagan í heild, einstök markmið hennar og framfylgd valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Við mótun tillögu skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða og þess gætt að einstök markmið hennar samræmist meginmarkmiðum skipulagstillögunnar og markmiðum reglugerðar þessarar,
- c) hvort setja þurfi í aðalskipulagi skilyrði fyrir deiliskipulagsgerð og framkvæmdum á síðari stigum, til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið“.

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð, með þátttöku skipulagsnefndar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti.

### 4.1 Matsskylda áætlunarinnar

Í gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir: „Geri aðalskipulagstillaga ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, skal gerð grein fyrir þeim í skipulagstillögunni.“

Breytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem ekki er mörkuð stefna um framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### 4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytinguna verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.2.

### 4.3 Umhverfismat

Matsvinnan fer fram samhliða vinnslu við gerð greinargerðar og uppdráttu til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi.

Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

### 4.4 Valkostir

Breyting á aðalskipulagi verður borin saman við núverandi ástand, núll kost.

### 4.5 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflu 1. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstöflu.

**TAFLA 1.** Yfirlit yfir umhverfisþætti og þær matsspurningar sem matið byggir á.

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNINGAR
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnutækifæri innan sveitarfélagsins? Hefur skipulagið áhrif á aðgengi að útivistarsvæðum og nátturu?
Náttúrufar og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á búsvæði dýra/gróðurs? Hefur skipulagið áhrif á viðkvæma náttúru?
Náttúru- og menningarminjar	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar?
Sjór og strandlína	Hefur skipulagið áhrif á strandsvæði eða grunnsævi?
Landslag og ásýnd	Hefur skipulagið áhrif á byggðamynstur? Hefur skipulagið áhrif á yfirbragð opinna svæða?
Hljóðvist	Hefur skipulagið áhrif á hljóðvist í íbúðarhverfum? Hefur skipulagið áhrif á hljóðvist á útivistarsvæðum og kyrrlátum svæðum?
Loftgæði	Hefur skipulagið áhrif á svífryk? Hefur skipulagið áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?
Öryggi	Er náttúruvá á svæðinu? Hefur skipulagið áhrif á umferðaröryggi?

## 5 SKIPULAGS – OG MATSFERLIÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenn- ingi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breyt- ingarinnar. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu Sveitar- félagsins Hornafjarðar <http://www.hornafjordur.is/>. Lýsingin mun einnig liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins á Höfn. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulagsfulltrúa á netfangið [gunnlaugur@hornafjordur.is](mailto:gunnlaugur@hornafjordur.is) , fyrir auglýstan tímabrest.

### 5.1 Skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferli aðalskipulagsbreytingar ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

Mái/júní	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samráð við landeig- endur. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athuga- semdum.
Júlí/ágúst	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, tillagan kynnt almenningi skv. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga og tillaga lögð fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
Ág./okt.	Tillaga samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send til umsagnar- aðila skv. 31. gr. skipulagslaga. Auglýsing skipulagstillögu og gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Okt./nóv.	Tillaga afgreidd í sveitarstjórn að undangenginni umræðu skipulags- nefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga.
Des./Jan. 2020	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

## 5.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

## 5.3 Samráð

Aðalskipulagsbreytingin verður unnin fyrir sveitarfélagið. Á vinnslutíma mun aðalskipulagsbreytingin verða kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn.